

## Fundargerð

20. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2004-2006, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 16. janúar 2006, kl. 20:15.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson, formaður, Einar K. Jónsson, Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Fríða Rún Þórðardóttir formaður Íþróttamannanefndar og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri. Sonja Sif Jóhannsdóttir var í símasambandi. Birgir Guðjónsson kom á fundinn undir lið 2.7.

1. **Fundargerð 19. fundar lögð fram og samþykkt.**
2. **Fjármál og rekstur.**
  - 2.1 Ársreikningar og staða fjármála. Frestað að leggja fram ársreikninga fyrir árið 2005. Gjaldkeri fór yfir stöðu fjármála. Samþykkt að fá yfirdráttarlán til að greiða útistandandi reikninga sem eru komnir á gjalddaga.  
Samþykkt að bókhaldslega séu viðskiptasamningar FRÍ á vegum FRÍ ehf. Sama gildir um fjáraflanir sambandsins og þ.m.t.  
Merkisberaverkefnið. Þetta gildir frá og með stofnun FRÍ ehf.  
Bókhald beggja aðila verði uppfært í samræmi við það. FRÍ ehf greiði FRÍ arð af starfsemi sinni, í samræmi við ákvörðun stjórnar hlutafélagsins hverju sinni..
  - 2.2 Fjárhagsáætlun 2006/2007. Frestað.
  - 2.3 Vígslumót – uppgjör lagt fram.
  - 2.4 Uppskeruhátíð – uppgjör lagt fram.
  - 2.5 Samstarf sérsambanda um rekstur.  
Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 31. janúar sl., um mögulegt samstarf sérsambanda um starfsmannahald s.s. þjónustufulltrúa. Rætt.
  - 2.6 Útgáfa Frjálsíþróttablaðsins. Rætt.
  - 2.7 Starfsmannamál. Formaður óskaði eftir að Einar tæki við stjórn fundarins undir þessum lið og vék síðan af fundi. Samþykkt að stjórn FRÍ semji við formann um verkefni tengd undirbúningi Frjálsíþróttapings og Markaðsráð FRÍ leiti eftir samkomulagi við formann um vinnu við Merkisberaverkefni FRÍ
  - 2.8 Bréf frá ÍSÍ, dagsett 31. jan. sl., um samstarf sérsamb./þjónustufulltrúa.
3. **Móta og íþróttamál**
  - 3.1 Lágörk fyrir keppnisferðir 2006. Lögð fram tillaga ÍPA um lágörk fyrir keppniferðir 2006. Samþykkt. Framkvæmdastjóri kynni lágörkin fyrir sambandsaðilum.
  - 3.2 Keppnisferðir 2006 – val á fararstjórum/þjálfurum. Rætt.
  - 3.3 HM innanhúss í Moskvu 10.-12. mars.  
Samþykkt að gefa Silju Úlfarsdóttur og Birni Margreirssyni kost á því að taka þátt í Heimsmeistaramótinu innanhúss í Moskvu, en skv. reglum á hver þjóð rétt á að senda einn þátttakenda af hvoru kyni til þátttöku.

Einnig samþykkt að ræða við Ragnheiði Ólafsdóttur um að taka að sér að vera fararstjóri og þjálfari í ferðinni á mótið.

3.4 Val á þátttakendum vegna unglingsbúða í tengslum við EM í Gautaborg.

Eftirfarandi þátttakendur voru valdir til þátttöku:

Arnar Már Þórisson, Bergur Hallgrímsson, Björg Hákonardóttir og Þórunn Erlingsdóttir. Framkvæmdastjóri tilkynni viðkomandi um valið.

3.5 Samstarf við UMFÍ um útbreiðslumál- og fræðslumál. Rætt.

3.6 Dagsetning á Bikarkeppni FRÍ, 1. deild.

Tillaga er frá nefnd FRÍ um endurskoðun mótahalds um að Bikarkeppni FRÍ fari fram í miðri viku eða daganna 16.-17. ágúst nk. Tillagan verður til frekari umræðu og afgreiðslu á Frjálsíþróttahæðingum í næsta mánuði. Keppnin á að fara fram utan Reykjavíkur.

3.7 Óúthlutað mót 2006:

a) NM í 10.000m á Íslandi 25. maí nk.

Vegna vinnu við stúkuna á Laugardalsvelli var samþykkt að fela framkvæmdastjóra að leita tilmótshaldara utan Reykjavíkur með framkvæmda keppninnar.

b) Bikarkeppni FRÍ 2. deild. Óska skal eftir umsóknum frá sambandsaðilum til að halda mótið laugardaginn 12. ágúst.

c) MÍ í 5000m kvenna og 10000m karla. Óska skal eftir umsóknum frá sambandsaðilum til að halda keppnina.

d) MÍ í maraþon og hálfmaraþonhlaupi. Óska skal eftir umsóknum frá sambandsaðilum til að halda keppnina.

3.8 Lagt fram tölvupóstbréf frá Felix Sigurðssyni, stjórnarmanni í ÍR.

Rætt um að stjórnarmenn verði opinberir fulltrúar sambandsins á mótum sem FRÍ gengst fyrir.

3.9 Lagðir fram punktar frá Þráni Hafsteinssyni um framkvæmd

Vígslumóts Laugardalshallarinnar 28. janúar sl. Samþykkt að efna til fundar með hlutaðeigandi aðilum um mótahald í Laugardalshöllinni eftir að innanhússtímabilinu lýkur.

#### 4. Frjálsíþróttahæðingur, undirbúningur.

4.1 Skipan kjörbréfanefndar. Samþykkt tillaga um skipan

kjörbréfanefndar. Nefndina skipa þeir Engilbert Olgeirsson, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Gunnar Páll Jóakimsson og Þórarinn Sveinsson.

4.2 Aðrar tillögur s.s. mótaskrá, laga- og reglugerðarbreytingar o.fl.

Rætt.

4.3 Útsending fundargagna. Formaður og framkvæmdastjóri.

4.4 Dagskrá. Drög að dagskrá þingsins skulu lögð fram á næsta fundi.

#### 5. Lagt fram.

5.1 Bréf frá fagráði skipuðu af forsætisráðuneyti, dagsett 16. janúar.

5.2 Bréf frá ÍSÍ, dagsett 26. jan.sl., Íþróttahæðingur – fyrra fundarboð.

5.3 Bréf frá ÍSÍ, dagsett 6. feb. sl., fulltrúafjöldi á Íþróttahæðingum.

5.4 Bréf frá ÍSÍ, dagsett 6. feb. sl., um skiptingu 30 m.kr. króna ríkisframlags til sérsambanda.

5.5 Félagaskipti: Edda Þorvaldsdóttir, kt. 140190-2929, úr Umf. Baldri (HSK) í Umf. Selfoss (HSK). Fékk réttindi til að keppa fyrir Umf. Selfoss 26. janúar sl.

## 6. Innsend erindi

- 6.1 Bréf frá Íþróttakademíunni í Reykjanesbæ, ósk um aðstoð í útvegum kennsluefnis. Formaður og framkvæmdastjóri skoði málið.
- 6.2 Tölvupóstbréf frá Pétri Halldórssyni um viðurkenningar á Uppskeruhátíð. Samþykkt að ÍPA og framkvæmdastjóri gerði tillögu um viðurkenningar vegna góðs árangur á sl. ári fyrir Fjálsíþróttabing.
- 6.3 Tölvupóstbréf frá NFIF, ósk um samstarf á sviði barna- og unglunga. Framkvæmdastjóri greini frá áhuga forsvarsmanns Norska frjálsíþróttasambandsins á samstarfi á sviði barna- og unglungamál. Samþykkt að reyna að koma á fundi aðila s.s. í tengslum við Norðurlandafund í Osló í lok næsta mánaðar.

## 7. Önnur mál

- 7.1 60 ára afmæli FRÍ 16. ágúst 2007.  
Formaður bar fram tillögu um að efna til samkeppni um nýtt "lógó" sambandsins í tilefni af 60 ára afmæli FRÍ á næsta ári. Málið verður kynnt á FRÍ þingi. Samþykkt.
- 7.2 Formaður lagði fram tillögu um skipan nefndar vegna undirbúnings fyrir umsókn til IAAF um alþjóðlegt æfingasetur í Laugardal.  
Í nefndinni verði: Jónas Egilsson, Þráinn Hafsteinsson, Stefán Jóhannsson og Egill Eiðsson. Samþykkt.
- 7.3 Formaður greindi frá CEO ráðstefnu á vegum EAA á Ítalíu 7.9. apríl nk. og sagði FRÍ eiga kost á að senda einn fulltrúa sér að kostnarlausu á ráðstefnuna.
- 7.4 Birgir Guðjónsson greini fram því að hann hefði verið að ljúka vinnu við ritum kafla um lyfjaeftirlit í bók sem er að koma út á vegum IAAF á næstunni.

## 8. Næsti fundur stjórnar

Stefnt að næsta fundi stjórnar í vikunni 28. febrúar til 3. mars nk.

Fundi slitið kl. 22:30

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.